



Hafnarfirði 15. mars 2022

Efni: Áhrif samkomutakmarkana á rekstur menningarlífs og menningarhúsa bæjarins

Á fundi bæjarráðs 20. janúar sl. var stjórnslusviði falið að leita til þjónustu- og þróunarsviðs við greiningu á áhrifum samkomutakmarkana á rekstur menningarlífs og menningarhúsa bæjarins. Í Hafnarfirði er mikið og fjölbreytt menningarlíf sem gefur jákvæða ímynd af bænum. Menningarlíf sem íbúar eru stoltir af og hvetur til þess að bærinn sé sóttur heim. Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á allt samfélagið og menningarlífið í Hafnarfirði hefur ekki verið undanskilið.

Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar eru: Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Starfsfólk safnanna hefur þurft að bregðast við alls kyns breytilegum aðstæðum síðustu 23 mánuði frá því samkomutakmarkanir voru fyrst settar á en markmiðið hefur alltaf verið að taka á móti gestum með öruggum hætti. Þannig hefur starfsemi legið niðri um tíma, viðburðir og sýningar farið fram með miklum takmörkunum eða stórir og smáir viðburðir náð að fara fram án hindrana þegar takmarkanir hafa verið í lágmarki.

Þá eru í gildi samstarfssamningar við Bæjarbíó og Gaflaraleikhúsið en samstarfssamningar við Sveinssafn og unnið að endurnýjun samninga vegna viðburðanna Sönghátíð í Hafnarborg og Hjarta Hafnarfjarðar. Þá hafa þriggja ára samstarfssamningar sem menningar- og ferðamálanefnd samþykkti árið 2020 vegna viðburðanna HEIMA í Hafnarfirði og Víkingahátíð Rimmugýgjar á Víðistaðatúni ekki getað tekið gildi fyrir en nú þar sem ekki hefur verið hægt að halda viðburðina vegna samkomutakmarkana.

Óskað var eftir upplýsingum um áhrif samkomutakmarkana á rekstur menningarlífs og menningarhúsa bæjarins frá Birni Péturssyni, forstöðumanni Byggðasafns Hafnarfjarðar, Sigrúnu Guðnadóttur, forstöðumanni Bókasafns Hafnarfjarðar, Aldísi Arnarsdóttur, forstöðumanni Hafnarborgar, Lárusi Vilhjálmssyni, framkvæmdastjóra Gaflaraleikhússins, og Páli Eyjólfssyni, framkvæmdastjóra Bæjarbíó ehf. Þá eru einnig í minnisblaðinu upplýsingar frá Erlendi Sveinssyni, forsprakka Sveinssafns, og Leikfélagi Hafnarfjarðar. Þá var haft samband við aðila í stjórn Kvinnakórs Hafnarfjarðar, Karlakórsins Þrasta, Lúðrasveitar Hafnarfjarðar og stjórnanda kórs Flensborgarskólans.

Í þessu minnisblaði er að finna stutta samantekt um áhrifin en þau eru helst eftirfarandi:

- Mörgum árlegum viðburðum hefur verið aflýst eða þeir haldnir með mikið breyttum hætti. Aðrir viðburðir hafa getað farið fram meðan faraldurinn hefur verið í lágmarki.
- Gestum í **Hafnarborg** fækkaði um helming og samdráttur í fjölda erlendra gesta er um 70%.
- Hádegistónleikar Hafnarborgar fóru alltaf fram, ýmist á staðnum eða í streymi, og Sönghátíð í Hafnarborg hafði heppnina með sér tvö ár í röð. Þá hóf göngu sína tónleikaröðin Síðdegistónar með styrk frá Tónlistarsjóði.
- Gestafjöldi og útlán á **Bókasafni Hafnarfjarðar** drógust töluvert saman árin 2020 og 2021 vegna samkomutakmarkana og dagskrá bókasafnsins var lituð af sífelldum breytingum.
- Allar sýningar **Byggðasafnsins** voru settar upp og opnaðar á réttum tíma en formlegir viðburðir voru færri og lágstemmdari en fyrir.
- Skólahópum sem sóttu söfnin fækkaði töluvert í faraldrinum og á það við um öll skólastig. Við þessu var m.a. brugðist með sameiginlegu verkefni Byggðasafnsins og Hafnarborgar til að markaðssetja söfnin fyrir skólahópa og vinna verkefni tengdum þeim heimsóknunum.



Hafnarfjörður

- Leiðir til stafrænnar miðlunar hafa verið kannaðar og ný tækifæri skapast til að ná til safngesta. Vefmiðlun af ýmsu tagi lengir líftíma viðburða og eykur útbreiðslu þeirra.
- Í faraldrinum gáfust tækifæri til að sinna hinum ýmsu innri verkefnum safnanna sem ekki hefði verið hægt að sinna í venjulegu árferði.
- Háskólanemar hafa fengið fjölbreytt störf í gegnum sumarátak stjórnvalda fyrir námsmenn, s.s. við skráningu og miðlun. Afrakstur þessara verkefna er góður og hefur skilað miklu.
- Tekjur hafa dregist saman og aukinn kostnaður hefur verið vegna streymis viðburða og sóttreinsibúnaðar.
- Viðburðum í **Bæjarbíó** fækkar úr 164 árið 2019 í 28 árið 2020 en fjölgar aftur í 72 árið 2021. Uppsafnað tap á rekstri Bæjarbíó slf. er um 5 milljónir 2018-2021 skv. ársreikningum.
- **Starfsemi kóra** í bænum er að taka við sér eftir faraldurinn en eitthvað er um að félagar séu ekki að skila sér til baka í félagsstarfið. Starfsemi kórs Flensborgarskólans lá niðri 2020-2021.
- Covid varð til að seinka opnun **Sveinssafns** árin 2020 og 2021 en haldið var opnu á sunnudögum eftir því sem færi gafst.
- Tekjur **Gaflaraleikhússins** af miðasölu og útleigu hafa dregist saman um 40% á tímabilinu. Leikhúsinu var lokað þegar sýningar á vinsælustu sýningu leikhússins frá upphafi voru í fullum gangi og covid varð til þess að engar sýningar voru frumsýndar árið 2020.
- Covid-19 hefur staðið starfsemi **Leikfélags Hafnarfjarðar** fyrir þrífum þó kapellan í St. Jó hafi nýst félaginu vel eftir aðstæðum og verið góð félagsaðstaða.
- Samkomutakmarkanir hafa markað starfsemi **Lúðrasveitar Hafnarfjarðar** allt frá því að fyrstu smit byrjuðu en sveitin rétt náði að halda 70 ára afmælistónleika í október 2021 einu og hálfu ári eftir áætlun.

Staða menningarlífsins hefur verið erfið í gegnum faraldurinn, áskoranir margar og flóknar og óvissa töluverð. Jákvæðni og leit að lausnum hafa einkennt viðbrögð starfsfólks menningarstofnana, listafólks og þátttakenda í skapandi starfi sem hefur brugðið á ýmis ráð til þess að halda lífi í starfinu. Ýmsum menningarverkefnum var frestað endurtekið en Hjarta Hafnarfjarðar, Sönghátíð og hádegistónleikar í Hafnarborg hafa alltaf náð að fara fram. Ótal viðburðum hefur ýmist verið slegið á frest eða aflýst á meðan aðrir tóku grundvallarbreytingum og/eða fóru fram yfir lengra tímabil.

Hafnarfjarðarbær stendur fyrir fjölbreyttum menningarviðburðum um allan bæ árið um kring með það að markmiði að stuðla að fjölbreyttu mannlífi. Þá veitir Hafnarfjarðarbær skipuleggjendum viðburða aðstoð og aðstöðu til að halda viðburði í Hafnarfirði. Frá því að samkomutakmarkanir vegna Covid-19 voru fyrst settar á í mars 2020 hefur mörgum árlegum viðburðum verið aflýst og sumum þeirra tvívegis. Viðburðir þar sem fólk kemur saman voru í byrjun takmarkaðir við 100 manns en síðar voru aðgerðir hertar og þeim aflétt á víxl. Þegar mestu takmarkanir voru í gildi var miðað við 10 manna hámark. Af þessum sökum var ekki haldið upp á Þrettándann árin 2021 og 2022, Safnanótt og Sundlauganótt var aflýst 2021 og 2022, ekki var haldið upp á Sumardaginn fyrsta árin 2020 og 2021 og engin áramótábrenna hefur verið síðan 2019. Þá var líka síðast haldið upp á syngjandi jól í Hafnarborg árið 2019.

Á þessu tveggja ára tímabili hafa ýmsir viðburðir færst til eða verið framkvæmdir með mikið breyttum hætti. Þannig var dagskrá Sjómannadagsins og Þjóðhátíðardagsins árið 2020 með allra minnsta móti en árið 2021 náðist að vera með takmörkuð hátíðarhöld með því að dreifa dagskránni á fleiri staði á höfninni og í bænum en áður hafði verið gert og mæltist það vel fyrir. Yfir sumartímenn hefur verið boðið upp á klukkustundarlöngar bæjargöngur með leiðsögn einu sinni í viku.



Hafnarfjörður

Fyrir jólin 2020 voru aðstæður vægast sagt skrítnar í samfélaginu en þrátt fyrir það tókst að opna Jólaborpið og taka á móti heldur fleiri gestum en undanfarin ár og dreifa þeim um allan miðbæ. Þar sem sviðslistir og sambærileg starfsemi var óheimil var engin skemmtidagskrá á sviði en þess í stað var ákveðið að bæta í skreytingar í Hellisgerði til þess að hvetja Hafnfirðinga og gesti jólabæjarins til útiveru. Óhætt er að segja að þetta hafi slegið í gegn því að stöðugur straumur af fólki lá í garðinn í desember 2020 svo jólaævintýrið var endurtekið 2021.

Þá fóru Bjartir dagar 2021 fram með breyttum hætti. Í venjulegu ári stendur þessi fyrsta bæjarhátíð landsins yfir í fimm daga en ákveðið var að hátíðin, sem hefst síðasta vetrardag með vali á bæjarlistamanni Hafnarfjarðar, afhendingu menningarstyrkja og sumarsöng nemenda, stæði yfir í allt sumar og varð hattur fjölbreyttra hátíðarhalda.

Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar hækka um þrjár milljónir króna milli árána 2021-2022 og framlag til Gaflaraleikhússins hækkar um tvær milljónir. Framlag vegna ýmissa hátíða og Jólaborpsins er óbreytt. Þá eru ósóttir styrkir til menningarverkefna vegna fjórtán verkefna sem hafa flest ekki getað farið fram vegna samkomutakmarkana að heildarupphæð 2,5 milljón króna en almennt er gert ráð fyrir að verkefnin fari fram árið sem styrknum er úthlutað.

Hafnfirðingar hafa löngum hópast saman í ýmiskonar félagsstarf en Covid-19 hefur haft mikil áhrif á þessa starfsemi eins og annað. Í Hafnarfirði starfa til dæmis ótal kórar og hefur þeim vegnað misvel undanfarið, sumir hafa ekkert æft á meðan aðrir hafa brugðið á það ráð að nota fjarfundabúnað til þess að æfa fyrir tónleika sem jafnvel aldrei verða haldnir.

Hafnarfirði 15. mars 2022

Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála
Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs